



Alþingi - Iðnaðarnefnd
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03. febrúar 2006
Tilvísun: 2005110027
Bréfalykill: 50.13

Efni: Frumvarp til vatnalaga, kostnaður Orkustofnunar af framkvæmd

Í framhaldi af fundi með Iðnaðarnefnd Alþingis þann 31. janúar 2006, þar sem farið var yfir umsögn Orkustofnunar frá 30. nóvember 2005, óskaði ritari nefndarinnar eftir því að Orkustofnun a) gerði betur grein fyrir athugasemdum sínum varðandi hugsanlega aukin útgjöld vegna samþykktar laganna, og b) gerði grein fyrir alþjóðlegum skuldbindingum sem snerta þá þætti laganna sem snúa einkum að hlutverki Orkustofnunar.

Samkvæmt frumvarpinu er **markmið vatnalaga**, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálbær nýting vatns, og enn fremur skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum og landslagi umfram það sem nauðsynlegt er, og þau taka til alls ferskvatns, nánast sama á hvaða formi það er.

Hlutverk Orkustofnunar hvað þessa þætti varðar er, skv. 1 tl. 2. gr. laga nr 87/2003, *að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál sem stofnuninni eru falin með lögum* og veita stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um þau mál. Í 2. tl. 2. gr segir: *Hlutverk Orkustofnunar er að standa fyrir rannsóknum.*

Sterk tengsl eru á milli rannsóknahlutverks stofnunarinnar- og ráðgjafahlutverks hennar við stjórnvöld, sem nær bæði til viðfangsefna dagsins og áætlanagerðar til langs tíma (4. tl., 2.gr.).

Þau lög sem fyrst og fremst skapa Orkustofnun verkefni og skyldur, hvað ofangreinda þætti varðar, eru lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og síðar væntanleg vatnalög. Orkustofnun og áður forveri hennar, Raforkumálaskrifstofan hafa séð um mælingar á vatni síðastliðin 60 ár. Þær hafa þróast í takt við þörf fyrir mælingar, og nú síðustu ár hefur stefnan verið að sinna sem best almennri vatnafræði landsins ásamt vatnsorkuhagsmunum. Það er talið samræmast skilgreindu hlutverki Orkustofnunar sem umsagnar- og eftirlitsaðili um þá alhliða nýtingu á vatni sem auðlindalögin og vatnalög ná til.

Verkefni vegna vatnalaga

Heimilt er skv. auðlindalögum að gera framkvæmdaaðilum að greiða fyrir eftirlit með leyfum, og hefur verið gert ráð fyrir því í leyfum til stærri leyfishafa.

Í grófum dráttum má skipta verkefnum Orkustofnunar skv. frumvarpinu með eftirfarndi hætti:

Vatnsból og vatnsöflunarsvæði. Viðahalda og reka gagnasafn sem verið er að undirbúa.

Því þarf að viðhalda og reka það eftir að búið er að gera skrárnar í tengslum við upptöku Vatnatilskipunar, sjá hér að neðan.

Leyfi til framkvæmda. Leita þarf umsagna og meta áhrif, eftir eðli máls. Eftir að leyfi er veitt tekur við eftirlit m.a. með því að farið sé að settum skilyrðum. Skráning er eðlilegur hluti þessa ferils.

Taka við tilkynningum um framkvæmdir. Fara yfir hvort ákvæði laganna gefa tilefni til afskipta, leita umsagna osfrv. og skrá.

Tilkynningar um að rekstri mannvirkja verði hætt, eða viðhald stöðvað? Eigandi mannvirkis skal leggja fram áætlun um niðurlagningu til samþykktar.

Það er talið miklivægt að allt þetta sé til skráð og opið almenningi, og er það í samræmi við stefnu Orkustofnunar um aðgengi að sínum gögnum og upplýsingum, sbr. gagnavefsja.is

Það er erfitt að átta sig á umfangi þessara þátta; sumt er náskýlt því sem Orkustofnun gerir nú þegar, en annað nýtt fyrir Orkustofnun. Með því að taka mið af tíma sem fer til skyldra verkefna telur Orkustofnun líklegt að kostnaður við aukin verkefni muni samsvara um 500 tímum á ári, sem að stórum hluta yrði aðkeypt, alls um 3,5 m.kr. á ári.

Ekki er talið að vatnalögin muni valda Orkustofnun auknum útgjöldum vegna alþjóðlegra skuldbindinga, eins og rakið er hér á eftir.

Alþjóðlegar skuldbindingar

Þær **erlendu skuldbindingar** sem helst snerta vatnalög er **Vatnatilskipun Evrópusambandsins (VT)**, og sá hluti aðildar Íslands að **Alþjóða veðurfræðistofnuninni (WMO)** sem snýr að vatnafari. Í sem stystu máli er markmið Vatnatilskipunar að koma í veg fyrir að ástand yfirborðsvatns og grunnvatns versni, og bæta slæmt ástand vatna þar sem það er mögulegt (1. gr.), þ.e. meðan það kemur ekki niður á öðrum hagsmunum. Orkustofnun hefur verið í samstarfi við Umhverfisstofnun við undirbúning að upptöku tilskipunarinnar. Þetta samstarf er í kraft þess hlutverks sem stofnunin hefur varðandi vatnafarsrannsóknir og vatnamælingar, og gagnagrunna um vötn og vatnagögn. Þar er hugsunin sú að Orkustofnun komi að magnbundnum þáttum vatnsnáms, en Umhverfisstofnun að gæðapáttum. Undirbúningurinn er m.a. fólgin í að þróa stafrænt umhverfi fyrir skráningu í Landupplýsingakerfi. Allir þeir aðilar sem koma að málefnum Vatnatilskipunar koma til með að skrá gögn í sama kerfi. Þetta sama kerfi mun fyrirjábanlega nýtast fyrir alla skráningu tilkynningaskyldra framkvæmda skv. vatnalögum og til annarra framkvæmda og breytinga á vatni og vatnsfarvegum sem talið er æskilegt að halda skrá um, sbr. vatnabækur í núgildandi lögum. Það er fullur vilji til að þróa skilvirkt samstarf milli þeirra stofnana sem málið varðar og upptaka VT er kjörinn vettvangur til þess.

Samkvæmt Vatnatilskipun skal halda skrá um öll vatnasvæði þar sem neysluvatnsnám fer fram sem nemur meira en 10 rúmmetrum af vatni á sólarhring eða þjónar fimmtíu manns eða fleiri (8. gr.). Gera má ráð fyrir að þessi mörk verði tekin upp í viðkomandi lög og setji mark sitt á framkvæmd bæði auðlinda- og vatnalaga.

Orkustofnun sótti um sérstakt framlag til undirbúnings að upptöku Vatnatilskipunar fyrir þetta fjárlagaár, og var þar byggt á sameiginlegri greinargerð Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar um áætlaðan kostnað næstu 4 ár. Orkustofnun fékk framlag til 1. ársins, eða

fjórðung áætlaðs kostnaðar. Fáist samsvarandi framlag næstu 3 ár, verður til gagnagrunnsumhverfi sem einnig mun þjóna þörfum vegna hlutverks Orkustofnunar við framkvæmd vatnalaga.

Fulltrúi Íslands gagnvart WMO er veðurstofustjóri, en hann hefur sér til fulltingis vatnafræðilegan ráðgjafa, sem um langa hríð hefur verið á ábyrgð Orkustofnunar. Samhliða auknum áhyggjum af afleiðingum veðurfarsbreytinga, hefur áherslan á þann þátt verið að þyngjast með tilheyrandi kostnaðarauka. Orkustofnun sér hins vegar ekki ástæðu til að tengja þann kostnað sérstaklega verkefnum sem hún þarf að taka að sér vegna ákvæða í vatnalögum, heldur vegna þess hlutverks sem hún hefur gagnvart almennri þekkingu á vatnafari landsins.

Að mati Orkustofnunar þýðir þetta að stofnunin þarf einungis að reyna að sjá fyrir aukin verkefni sem hljóta af ferlum sem varða leyfi, skráningu upplýsinga og eftirliti, svo sem áður greinir.

Virðingarfyllt

Hákon Aðalsteinsson